

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík þriðjudaginn 1. nóvember 2016 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Arnar Guðmundsson og Elías Pétursson boðuðu forföll og varamenn höfðu ekki tæk á að sækja fundinn með þeim skamma fyrirvara sem gafst.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Starfs- og rekstraráætlun 2017

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að starfs- og rekstraráætlun 2017. Í megin atriðum er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi og á yfirstandandi ári. Þó er gert ráð fyrir að ráða tímabundið starfsmann í sérverkefni sem snýr að styrkingu innviða fyrirtækja á svæðinu og nýta þannig m.a. það svigrúm sem skapast vegna skerts starfshlutfalls eins af núverandi starfsmönnum.

Heildartekjur félagsins eru áætlaðar rúmar 48,1 mkr. og hækka um tæpar 6 mkr. milli ára en þar er annars vegar um að ræða tekjuaukningu vegna sérverkefna en almenn rekstrarframlög sveitarfélaganna og Byggðastofnunar hækka í takt við verðalagsbreytingar. Rekstrarkostnaður er áætlaður 47,7 mkr. en þar af eru laun og launatengd gjöld 39,5 mkr. Fjármagnstekjur eru áætlaðar 365 þús. og rekstrarafgangur ársins 816 þús.

Að lokinni umræðu um starfs- og rekstraráætlun samþykkti stjórnin áætlanirnar.

2. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að borist hefðu fjórar umsóknir um tímabundið ráðgjafarstarf sem auglýst var hjá félaginu. Þrjár voru boðaðir í viðtal og eru tveir þeir ametnir hæfir til að taka að sér starfið. Annar þeirra hefur dregið umsókn sína til baka þar sem hann hefur ráðið sig í annað starf.

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að ráða í starfið enda náist samkomulag um starfskjör.

3. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri greindi frá því að hann yrði í leyfi 24. nóv. til 8. des. nk.
- b) Rætt um bókhaldskerfi, þ.m.t. verkþókhald en fyrir liggur að þau kerfi sem tekin voru í notkun hjá félaginu í upphafi árs hafa ekki staðið undir væntingum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:40